Í kynferðisbrotamálum er lögreglu skylt að tilnefna brotaþola réttargæslumann í tengslum við rannsókn málsins óski hann þess. Brotaþola er einnig heimilit að velja sér réttargæslumann sjálfur og taka hann með sér til lögreglu þegar kært er. Brotaþoli greiðir ekki fyrir þjónustu réttargæslumanns. Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna kæranda og veita honum aðstoð í málinu. Það má líka fara fram á að fá réttargæslumann þegar kært er vegna heimilisofbeldis en í þeim tilvikum metur lögregla hvort hann verði tilnefndur.

Brotaþoli, lögregla eða félagsmálayfirvöld geta óskað eftir nálgunarbanni vegna ofbeldis. Einnig geta sömu aðilar óskað eftir brottvísun af heimili. Nálgunarbann felur í sér að viðkomandi er bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við brotaþola t.d. með tölvupóstsendingum eða með því að senda sms. Með brottvísun af heimili er átt við að einstaklingi sé vísað af heimili sínu eða dvalarstað og honum bannað að koma þangað aftur í tiltekinn tíma. Beiðni um nálgunarbann eða brottvísun af heimili skal beint til lögreglu.

Forsjá barna

Eigir þú börn berðu ábyrgð á velferð þeirra og hefur skyldur gagnvart þeim. Þér ber t.d. að vernda þau gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi. Forsjá þýðir að þú þarft að sjá fyrir öllum þörfum barnsins og taka ákvarðanir um hvar barnið eigi að búa, í hvaða skóla það eigi að ganga, hvort það læri á hljóðfæri eða stundi íþróttir svo eitthvað sé nefnt. Forsjánni fylgir að þú þarft að mæta á foreldrafundi í leikskóla og skóla barnsins og þar sem barnið stundar íþróttir, tónlistarnám o.s.frv. Sambúðarfólk og hjón sem eiga barn saman hafa sameiginlega forsjá og er það einnig meginreglan við skilnað eða sambúðarslit. Þrátt fyrir að forsjáin sé sameiginleg, þarf barnið að eiga lögheimili hjá öðru foreldrinu samkvæmt samkomulagi. Foreldri sem fer eitt með forsjá barns síns og gengur í hjónaband með öðrum en hinu foreldrinu, getur tekið ákvörðun um sameiginlega forsjá með stjúpfor-

fi ظل تحقيقات المخالفات الجنسية، يجب على الشرطة، بناءً على طلب الضحية، تعيين حامي للحقوق القانونية للضحية. يمكن للضحية اختيار حامي الحقوق القانونية وإحضاره للشرطة عند الإبلاغ عن التهم. خدمات حامي الحقوق القانونية مجانية ودوره هو حماية مصالح الضحية أو الضحايا ومساعدتهم في القضية. يمكن أيضًا التقدم بطلب لتعيين حامي للحقوق القانونية عند الإبلاغ عن التهم في حالات العنف الأسري أو العنف في العلاقات الحميمة ولكن عندها تقرر الشرطة تعيين حاميًا للحقوق القانونية أو عدم تعيينه بناءً على تقييمات الشرطة.

يمكن للضحية أو الشرطة أو الخدمات الاجتماعية طلب أمر بعدم الاقتراب على أساس العنف. كم يمكن لنفس الأطراف طلب إخلاء الشخص المسمى من المنزل الذي يقيمون فيه. أمر عدم الاقتراب يعني أن الشخص لا يجوز له دخول مكانًا أو منطقة محددة أو مطاردة أو زيارة أو بأي وسيلة أخرى الاتصال بشخص معين آخر، على سبيل المثال، عن طريق إرسال رسائل البريد الإلكتروني أو الرسائل النصية. الإبعاد عن المنزل يعني أن الشخص يخرج من منزله ويُمنع من العودة حتى مرور وقت معين. يجب تقديم طلب أمر عدم الاقتراب أو الإبعاد عن المنزل إلى الشرطة.

حضانة الأطفال

إذا كان لديك أطفال فأنت مسؤول عن سلامتهم ولديك التزامات تجاههم. على سبيل المثال عليك حمايتهم من الاعتداء النفسي والجسدي. الحضانة تعني أن تعتني بجميع احتياجات الأطفال وتتخذ قرارات مثل مكان إقامة الطفل، والمدرسة التي يحضرها وما لو كان يتعلم آلة موسيقية أو يمارس رياضة ضمن أشياء أخرى. حضانة الطفل تعني حضور الاجتماعات مع أولياء الأمور في الحضانة أو المدرسة الابتدائية التي يدرس فيها الطفل والأماكن التي يمارس فيها الرياضات أو يتعلم الدروس الموسيقية وهكذا. الأزواج ومن هم في علاقة مساكنة لديهم الحضانة المشتركة وهي أيضًا القاعدة الأساسية التي تطبق في حالات الطلاق أو إنهاء المساكنة. حتى إذا كان للزوجين حضانة مشتركة عليهم التوصل لاتفاق حول الطرف الذي يقيم معه الطفل قانونيًا. إذا كان لأحد الوالدين حضانة مفردة لطفله وتزوج شخصًا آخر غير والد الطفل يمكنه الدخول في اتفاق مع زوج الأب أو الأم بشأن الحضانة المشتركة. نفس الشيء ينطبق على علاقة المساكنة بين الوالد وشريك الوالد أو الوالدة المسجلة في السجل الوطني لعام قادم. فالوالد الذي يقيم معه الطفل رسميًا يختار مكان إقامة الطفل في آيسلندا والحضانة أو المدرسة الابتدائية أو الروضة التي يذهب إليها الطفل والرعاية الصحية المنتظمة أو الخدمات الضرورية والنشاطات الإضافية خارج المنهج. إذا كان للوالدين حضانة مشتركة يحتاج والد الحصول على إذن من الوالد الآخر عند مغادرة البلاد مع

eldrinu. Sama gildir ef sambúð foreldris og stjúpforeldris hefur verið skráð í þjóðskrá í eitt ár samfleytt. Foreldrið sem barnið á lögheimili hjá ákveður hvar barnið skuli búa innanlands, hvaða daggæslu, leikskóla og grunnskóla það fari í, hvaða heilbrigðisþjónustu það njóti og hvaða tómstundastarfi það taki þátt í. Ef forsjá er sameiginleg þarf foreldri samþykki hins foreldrisins til að fara með barnið úr landi. Náist ekki samkomulag um utanlandsferð, er hægt að óska úrskurðar sýslumanns.

Séu foreldrar ekki sammála um tilhögun forsjár eða umgengni er þeim skylt að leita sátta áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál um forsjá. Sama gildir ef krafist er dagsekta vegna brota á umgengni. Sýslumaður skal bjóða aðilum sáttameðferð en þeir geta einnig leitað til annarra aðila sem hafa sérþekkingu á sáttameðferð og málefnum barna.

Forsjár- og lögheimilismál útkljáð fyrir dómi

Náist ekki samkomulag um forsjá eða lögheimili barns verður að höfðað dómsmál. Æskilegt er að lögmaður sé fengin til að flytja málið. Dómarinn hefur hagsmuni barnsins að leiðarljósi þegar hann ákveður hvort foreldrið skuli hafa forsjána eða hvort forsjáin skuli vera sameiginleg. Meðal þess sem dómarinn skoðar eru tengsl barnsins við foreldra sína, hvort þeirra hafi séð meira um daglega umönnun þess, hvort þeirra sé líklegri til að virða rétt barnsins til umgengni við hitt foreldrið og hvort barnið, foreldrið eða aðrir á heimilinu hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi eða eigi það á hættu.

Gjafsókn

Ef deilur vegna skilnaðar eða forsjár barna verða ekki leystar öðruvísi en með dómi er rétt að kanna möguleika á gjafsókn í málinu. Í gjafsókn felst að kostnaður aðila í dómsmáli er greiddur úr ríkissjóði, ýmist að hluta eða öllu leyti. Gjafsókn nær þó aldrei til þess kostnaðar sem sá sem tapar málinu getur þurft að bera sé hann dæmdur til að greiða málskostnað gagnaðilans. Bæði sá sem höfðar mál og sá sem er stefnt geta sótt um gjafsókn en venjulega sér lögmaður hvors aðila um sig um umsókn til gjafsóknarnefndar. Nánari upplýsingar er að finna á vef Fjölmenningsseturs, mcc.is.

الطفل. في حالة عدم التوصل لاتفاق عن السفر في الخارج، يمكن تقديم طلب للمفوض المسؤول عن المنطقة لإصدار حكم عن الحق في السفر للخارج مع الطفل.

إذا لم يتفق الوالدين على الحضانة أو حق التواصل مع الطفل (حقوق الزيارة) عليهم الخضوع لعملية مصالحة قبل طلب حكم أو رفع قضية للحصول على الحضانة أمام المحكمة. نفس الشيء ينطبق على طلب الغرامات اليومية المترتبة على مخالفت حق التواصل مع الطفل. يعرض المفوض المسؤول عن المنطقة لمصالحة على الطرفين ولكن لهم الحرية في طلب خدمات غيره من المتخصصين في الصلح وفي الأمور المتعلقة بالأطفال.

تسوية مسألة الحضانة والإقامة أمام المحكمة

إذا تعذر التوصل لاتفاق بشأن محل الإقامة القانونية أو حضانة طفل، يجب رفع قضية أمام المحكمة. من المفضل الاستعانة بالمحامي لرفع القضية أمام المحكمة. سيصدر القاضي حكمه سواء بمنح حضانة مشتركة أو لأحد الوالدين على أساس ما فيه صالح الطفل. فعلى سبيل المثال، يلاحظ القاضي علاقة الطفل مع كل والد، أي الوالدين مشاركًا أكثر في الاعتناء بالطفل وأي الوالدين أرجح أن يحترم حقوق الطفل في التواصل مع الوالد الآخر، إضافةً لتعرض الطفل أو الوالد أو آخرون في المنزل للخطر أو للعنف.

المساعدة القانونية

إذا تعذر حل أمر متعلق بالطلاق أو طلب حضانة بأي وسيلة أخرى غير اللجوء للقضاء، ينصح بالحصول على حكم محكمة لاستكشاف امكانية الحصول على المساعدة القانونية. فتشمل المساعدات القانونية أن تدفع خزانة الدولة جزء أو كل مصاريف التقاضي عن طرف أو أكثر من طرف في القضية. ولكن، المساعدة القانونية لا تغطي أبدًا المصروفات التي قد يكون الطرف الخاسر للقضية قد تحملها إذا حكم عليه بدفع مصاريف التقاضي عن الطرف الآخر. يمكن لكل من المدعي والمدعى عليه التقدم بطلب للحصول على المساعدة القانونية (عادة يتولى محاميًا عن كل طرف تقديم هذا الطلب للجنة المساعدة القانونية). للمزيد من المعلومات يرجى زيارة الرابط: www.mcc.is.

Umgengnisréttur

Barn á rétt á umgengni við báða foreldra sína þótt þeir búi ekki saman. Best er fyrir barnið að foreldrar geri samkomulag um umgengni. Það þýðir að þeir ákveða saman hve oft og hve lengi barnið dvelji hjá því foreldri sem það býr ekki hjá. Ef ekki næst samkomulag um umgengni er hægt að óska eftir úrskurði sýslumanns að undan-genginni sáttameðferð.

Algengt er að sýslumaður úrskurði að foreldrið sem barnið býr ekki hjá eða forsjárlausu foreldrið skuli hafa umgengnisrétt við barn sitt aðra hvora helgi, hluta af sumarleyfi og að hluta yfir stórhátíðir og frí-daga. Sýslumaður getur þó ákveðið að umgengnisrétturinn skuli vera meiri eða minni, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Fari foreldri ekki eftir umgengnissamningi eða vilji breyta honum er haft samband við sýslumann. Þar er einnig hægt að fara fram á dag-sektir ef samningi er ekki fylgt.

Meðlagsgreiðslur

Það foreldri sem barn á lögheimili hjá á rétt á greiðslu meðlags frá hinu foreldrinu þar til barn nær 18 ára aldri. Við skilnað eða sambúð-arslit er oftast gert samkomulag um meðlag og það staðfest af sýslu-manni. Náist ekki samkomulag úrskurða sýslumenn eða dómstólar um meðlagsskyldu (ef forsjármál er rekið fyrir dómi). Ungmennni á aldrinum 18 til 20 ára getur farið fram framlag vegna menntunar. Sækja þarf sérstaklega um þær greiðslur til sýslumanns.

Tryggingastofnun ríkisins sér um meðlagsgreiðslur og hefst þær þegar stofnunin hefur fengið eintak af meðlagsúrskurði eða skilnaðar-leyfisbréfi frá sýslumanni. Í flestum tilfellum þarf fólk að koma skjöl-unum þangað sjálf. Tryggingastofnun er heimilt að greiða meðlagið fyrirfram til réttthafa samkvæmt sérstakri beiðni og Innheimtustofn-un sveitarfélaga innheimtir það síðan frá meðlagsskylda foreldrinu.

Auk mánaðarlegs meðlags með barni skal meðlagsskyldt foreldri taka þátt í útgjöldum vegna skírnar barns, fermingar, sjúkdóms eða ann-arra sérstakra ástæðna.

حق التواصل مع الطفل

يحق للطفل التواصل مع كلا والديه حتى لو كانوا لا يعيشان معًا. من الأفضل للطفل إذا توصل والداً إلى اتفاق حول حق التواصل/ الزيارة، وعدد المرات والوقت الذي يمكن فيه الطفل مع الوالد الذي لا يعيش معه. إذا تعذر التواصل إلى اتفاق بشأن حقوق الزيارة، فيمكن طلب قرار من المفوض المسؤول عن المنطقة بعد تعذر عملية الصلح.

من الشائع أن يقرر المفوض المسؤول عن المنطقة أن الوالد الذي لا يعيش الطفل معه أو لم يحصل على حضانة الطفل، له الحق في التواصل مع الطفل في كل عطلة نهاية أسبوع، وجزء من العطلة الصيفية، وجزء من العطلات الرئيسية والعامة. ولكنه يجوز للمفوض المسؤول عن المنطقة الحكم بشأن حقوق زيارة أكثر أو أقل على حسب ملائمتها كل حالة.

إذا لم يفي والد باتفاقه عن حق التواصل مع الطفل أو يرغب في تغييره يمكنه طلب حكم من المفوض المسؤول عن المنطقة. كذلك، يمكن التقدم بطلب غرامة يومية في حالة عدم احترام حقوق الزيارة المتفق عليها.

نفقة الطفل

يحق للوالد الذي يقيم معه الطفل قانونياً الحصول على نفقة عن الطفل من الوالد الآخر حتى يصل الطفل لسن 18 سنة. في حالة الطلاق أو إنهاء المساكنة، عادة ما يتم التوصل لاتفاق عن نفقة الطفل ويصادق عليه المفوض المسؤول عن المنطقة ولكن إذا تعذر الوصول لاتفاق، يمكن للمفوض المسؤول عن المنطقة أو قاض (إذا تمت تسوية النفقة في المحكمة) إصدار حكم بشأن مبالغ نفقة الطفل.

يمكن للشباب في سن 18-20 سنة التقدم بطلب أمام المفوض المسؤول عن المنطقة للحصول على جزء من نفقات التعليم من الوالد الذي كان يدفع النفقة في السابق. يحكم المفوض المسؤول عن المنطقة في هذه القضايا عند تلقي الطلبات.

تعمل إدارة الضمان الاجتماعي على الوساطة المتعلقة بدفعات نفقة الطفل وتبدأ عند تلقي الإدارة لائحة من حكم نفقة الطفل أو رخصة الانفصال/ الطلاق من المفوض المسؤول عن المنطقة. في أغلب الحالات، يجب على الأشخاص إرسال هذه المستندات بأنفسهم.

عند الطلب، يمكن أن تدفع إدارة الضمان الاجتماعي نفقة الطفل مقدماً نيابة عن الوالد المتلقي للنفقة ويُحصى مركز تحصيل نفقة الطفل المبالغ من الوالد الذي يدفع نفقة الطفل.

إضافة إلى نفقة الطفل الشهرية، الوالد الذي يدفعها سيدفع مساهمات خاصة للنفقات المتعلقة بتعميد الطفل وتوكيد ديانتها أو في حالة المرض وغيرها من الأسباب الخاصة.

Sé meðlagsskylda foreldrið með mun hærri tekjur en hitt, er hægt að fara fram á aukið meðlag. Sýslumaður úrskurðar um meðlagið en foreldri þarf sjálft að innheimta það.

Ef foreldri neitar að greiða meðlag eða ef foreldrar eru ekki sammála um upphæð meðlagsins getur foreldrið sem barnið á lögheimili hjá, krafist þess að sýslumaður kveði upp úrskurð um meðlagsgreiðslur.

Á meðan deila foreldra um forsjá barns er óleyst getur það foreldri sem barnið dvelur hjá, óskað eftir að sýslumaður kveði upp bráða-birgðaúrskurð um meðlagsgreiðslur. Gildir hann þar til endanlegur meðlagsúrskurður er kveðinn upp.

Upplýsingar um meðlag og meðlagsgreiðslur má finna vef Innheimtustofnunar sveitarfélaga, medlag.is.

Barnabætur

Barnabætur eru greiðslur til foreldra sem eiga börn undir 18 ára aldri, og eru þær greiddar út fjórum sinnum á ári. Upphæð barnabóta miðast við tekjur. Barnabætur eru greiddar út árið sem barn verður 18 ára. Eftir skilnað eða sambúðarslit fær það foreldri sem barnið á lögheimili hjá barnabæturnar. Þar til skilnaður liggur fyrir er fyrirkomulag greiðslna barnabóta óbreytt.

Ríkisborgarar EES-ríkja sem vinna hér á landi geta átt rétt á barnabótum vegna barna sem eru á þeirra framfæri og eru búsett í öðru EES-ríki. Sækja þarf sérstaklega um þær bætur. Upplýsingar um barnabætur og umsóknareyðublöð eru á vef Ríkisskattstjóra rsk.is.

Fjárhagsaðstoð

Ef þú getur ekki séð fyrir þér eða fjölskyldu þinni, getur þú leitað aðstoðar hjá félagsþjónustu þíns sveitarfélags. Þú getur einnig óskað eftir fjárhagsaðstoð vegna tímabundinna erfiðleika, s.s. skilnaðar eða atvinnuleysis, ef þú átt ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Tímabundin fjárhagsaðstoð hefur ekki áhrif á framlengingu dvalarleyfis.

إذا كان الوالد الحاصل على حضانة الطفل يحقق دخلاً أكبر بكثير من الوالد الآخر، من الممكن طلب زيادة في نفقة الطفل. يحكم المفوض المسؤول عن المنطقة حكماً بزيادة نفقة الطفل ولكن على الوالد المتلقي تحصيلها من الوالد الذي يدفع نفقة الطفل.

إذا رفض أحد الوالدين دفع نفقة الطفل أو اختلف الوالدان على نفقة الطفل، يمكن للطفل الذي يقيم معه الطفل قانونياً طلب حكماً من المفوض المسؤول عن المنطقة بشأن نفقة الطفل.

في حالة تعذر حل الخلاف بين الوالدين بشأن حضانة الطفل، يمكن للوالد الذي يقيم معه الطفل طلب حكم مؤقت من المفوض المسؤول عن المنطقة بشأن نفقة الطفل. يُطبق هذا الحكم حتى صدور حكم نهائي.

يمكنكم الاطلاع على المزيد من المعلومات عن نفقة الطفل ومبالغ نفقة الطفل على موقع مركز تحصيل نفقة الطفل: www.medlag.is.

الإعانة المالية للطفل

الإعانة المالية للطفل هي مبالغ يحصل عليها الآباء الذين لديهم أطفال أقل من 18 سنة وتُدفع أربع مرات سنوياً. تُدفع الإعانة المالية للطفل بما يتناسب مع دخل الوالدين. تُسدد الإعانة المالية للطفل حتى نهاية العام الذي يُكمل فيه الطفل 18 سنة. في حالة الطلاق أو نهاية المساكنة، يتلقى الوالد الذي يقيم معه الطفل رسمياً الإعانة المالية للطفل. تظل الإعانة المالية للطفل كما هي حتى يصدر حكماً نهائياً بشأن الطلاق.

لمواطني المنطقة الاقتصادية الأوروبية العاملين في آيسلندا، الحق في الحصول على الإعانة المالية للأطفال الذين يعيلوهم والمقيمين في دولة أخرى في المنطقة الاقتصادية الأوروبية. يجب التقدم بشكل خاص للحصول على هذه الإعانات المالية. المعلومات المتعلقة بالإعانة المالية للطفل ونماذج الطلب متوفرة في موقع مدير العوائد الداخلية: www.risk.is.

المساعدات المالية

إذا لم تتمكن من إعالة نفسك أو أسرته يمكنك طلب المساعدة من الخدمات الاجتماعية في البلدية التي تقيم فيها. يمكنك أيضاً طلب المساعدة المالية نتيجة صعوبات مؤقتة، مثل طلاق أو بطالة. إذا لم يكن لك الحق في الحصول على إعانة بطالة.

لا تؤثر المساعدات المالية المؤقتة على مد تصريح الإقامة.

Húsaleigubætur

Einstaklingar sem leigja húsnæði geta sótt um húsaleigubætur hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Réttur til húsaleigubóta fer eftir leigu-upphæð, tekjum og fjölskyldustærð.

Atvinnuleysisbætur

Ef þú missir atvinnuna gætir þú átt rétt á atvinnuleysisbótum og ættir að leita til Vinnumálastofnunar. Nánari upplýsingar er að finna á vef Vinnumálastofnunar, vnmst.is.

Dvalarleyfi

Ef búseta þín á Íslandi byggir á hjónabandi eða sambúð breytast forsendur skráningar þinnar í landið eða leyfis til dvalar ef þú skilur eða slítur sambúð. Því er nauðsynlegt fyrir þig að afla þér nánari upplýsinga hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Kvennaráðgjöfinni, Fjölmenningarsetri, Þjóðskrá, eða Útlendingastofnun.

Réttur til dvalar á Íslandi við skilnað og sambúðarslit fer eftir því frá hvaða landi viðkomandi er. Einstaklingur frá Norðurlöndunum og ríkjum innan EES eða EFTA þurfa ekki dvalarleyfi og geta dvalið hér áfram þrátt fyrir skilnað ef önnur skilyrði fyrir dvöl þeirra eru uppfyllt. Skilji einstaklingur sem ekki er EES- eða EFTA-borgari við maka sem er EES- eða EFTA-borgari þarf viðkomandi að sækja um dvalarleyfi, nema hjúskapur eða sambúð hafi varað í minnst þrjú ár, þar af eitt ár hér á landi, þegar skilnaður eða ógilding á sér stað eða sambúð er slitið.

Litið er til margra þátta áður en ákvörðun um dvalarleyfi er tekin. Meðal annars er lengd hjúskapar eða sambúðar skoðuð, tengsl við landið og dvalartími þar. Eigi umsækjandi barn hér á landi sem stundar nám getur það skipt máli. Einnig er horft til þess hvort umsækjandi taki þátt í félagsstarfi, eigi hér nána ættingja o.s.frv. Verði fráskiðar konur fyrir aðkasti eða ofsóknum í heimalandi umsækjanda er tekið tillit til þess þegar það á við. Fleiri atriði geta haft áhrif en hvert tilvik er skoðað fyrir sig.

إعانات السكن

يمكن للأشخاص الذي يستأجرون بيوتًا (المستأجرين) التقدم للحصول على إعانة سكن من صندوق تمويل الإسكان (<http://www.husbot.is>). يعتمد منح إعانات السكن على مبلغ الإيجار أو الدخل أو عدد أفراد الأسرة. يمكن الحصول على المزيد من المعلومات عن إعانات السكن على موقع <https://www.husbot.is>.

كم يمكن طلب دعم خاص للإسكان للأفراد ذوي الدخل المنخفض من الخدمات الاجتماعية في البلدية التي تقيم فيها.

إعانات البطالة

إذا فقدت وظيفتك قد تكون مؤهلاً للحصول على إعانات البطالة من دائرة العمل. يمكن العثور على المزيد من المعلومات من على موقع دائرة العمل: www.vnmst.is.

تصاريح الإقامة

إذا كان سكنك في آيسلندا مستندًا على تصريح لم شمل الأسرة وحدث طلاق أو انتهت علاقة المساكنة، فقد تغير تصريح إقامتك أو تسجيلك في الدولة. لذلك، من الضروري أن تسعى للحصول على معلومات أكثر شمولاً من مركز حقوق الإنسان الآيسلندي، أو مركز استشارات المرأة، أو مركز تعدد الثقافات والمعلومات، أو السجل الوطني أو إدارة الهجرة.

الحق في الإقامة في آيسلندا بعد الطلاق أو انتهاء المساكنة يعتمد على جنسيتك. لا يحتاج الأفراد من بلدان الشمال الأوروبي وبلدان المنطقة الاقتصادية الأوروبية أو رابطة التجارة الحرة الأوروبية إلى تصاريح إقامة ويجوز لهم البقاء في البلاد إذا تم استيفاء شروط إقامتهم الأخرى. في حالة طلاق شخص لا ينتمي لبلدان المنطقة الاقتصادية الأوروبية أو رابطة التجارة الحرة الأوروبية، أو إنهاء المساكنة مع الشريك المنتمي لبلدان المنطقة الاقتصادية الأوروبية أو رابطة التجارة الحرة الأوروبية، يجب عليه التقدم بطلب للحصول على تصريح إقامة إلا إذا كانت علاقة الزواج أو المساكنة قد استمرت لمدة ثلاث سنوات على الأقل، منهم سنة من الإقامة في آيسلندا.

تؤخذ الكثير من العناصر في الاعتبار قبل إصدار قرار بشأن تصريح إقامة، مثل فترة استمرار علاقة الزواج أو المساكنة وفترة إقامة المتقدم وعلاقته بالبلد. كما أن حضور أحد أبناء المتقدم للمدرسة في آيسلندا قد يكون له دورًا مهمًا. كما أنه من المهم ما لو كان المتقدم يشارك في النشاطات الاجتماعية، وله أقارب مقيمين في الدولة وهكذا. يوضع في الاعتبار، إذا كانت المرأة المطلقة معرضة لسوء المعاملة أو تخضع للمحاكمة في الدولة الأصلية للمتقدم. كما يوجد أمور أخرى ذات أهمية توضع في الاعتبار في كل حالة على حدة.

Slíti ríkisborgari landa Afríku, Norður- eða Suður-Ameríku, Asíu, Ástralíu og Eyjaálfu eða Evrópulanda utan EES eða EFTA hjúskap eða sambúð vegna þess að hann eða barn hans hafi sætt misnotkun eða ofbeldi í sambandinu er undanþáguheimild í Útlendingalögum til að veita viðkomandi dvalarleyfi vegna sérstakra tengsla við landið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, eða til að halda dvalarrétti ef viðkomandi er maki EES-borgara (annarra en íslenskra ríkisborgara). Til að hægt sé að sýna fram á að ofbeldi hafi átt sér stað er afar brýnt að leitað sé til lögreglu, bráðamóttöku eða heilsugæslulæknis sem skrá öll tilvik hjá sér. Einnig er hægt að kalla til vitni og mikilvægt er að varðveita öll sönnunargögn sem máli skipta, t.d. tölvupósta eða sms.

Til eru sérstök dvalarleyfi eru dvalarleyfi fyrir brotaþola mansals. Í slíkum tilvikum veitir Útlendingastofnun einstaklingi sem grunur leikur á að sé brotaþoli mansals, dvalarleyfi í níu mánuði. Lögreglu ber að veita Útlendingastofnun aðstoð við rannsókn málsins, t.d. við mat á aðstæðum viðkomandi. Þegar sérstaklega stendur á er Útlendingastofnun heimilt að veita brotaþola mansals endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs teljist það nauðsynlegt vegna persónulegra aðstæðna viðkomandi eða vegna samvinnu viðkomandi við yfirvöld í tengslum við rannsókn og meðferð sakamáls. Brotaþolum mansals er tryggt ýmiss konar aðstoð og ráðgjöf.

Íðá قام مواطنو بلدان إفريقيا وأمريكا الشمالية والجنوبية وآسيا وأستراليا وأوقيانوسيا أو بلد أوروبي خارج المنطقة الاقتصادية الأوروبية / رابطة التجارة الحرة الأوروبية بإنهاء الزواج أو المسكنة بسبب تعرضهم لسوء المعاملة أو العنف من قبل شريكهم، يسمح قانون الأجانب بعمل استثناء لتمديد تصريح جمع شمل الأسرة. من أجل التحقق من أن هذا العنف قد وقع بالفعل من المهم جدًا الاتصال بالشرطة، أو جناح الطوارئ أو طبيب، لأنهم يسجلون جميع الحالات التي ترد لهم. كما أيضًا يمكنكم الاتصال بشاهد ومن المهم الاحتفاظ بجميع الأدلة ذات الصلة بالقضية، على سبيل المثال الرسائل الإلكترونية/ الرسائل النصية القصيرة التي تحتوي على تهديدات.

أحد أنواع تصاريح الإقامة هو تصريح لضحايا الإتجار بالبشر. في هذه الحالات، تُصدر إدارة الهجرة تصريح إقامة لمدة تسع شهور لأحد الأجانب المشكوك في كونه ضحية للإتجار بالبشر. ستساعد الشرطة إدارة الهجرة في التحريات، مثلًا تقييم ظروف الشخص. في حالة وجود ظروف خاصة، يمكن للإدارة أن تمنح الضحية تصريح إقامة لمدة عام قابل للتجديد؛ إذا اعتُبر ذلك ضروريًا نظرًا للظروف الشخصية للضحايا أو نتيجة تعاون الضحايا مع السلطات المعنية خلال نظر القضايا الجنائية. يحصل ضحايا الإتجار بالبشر على العديد من المساعدات والاستشارات.

Nánari upplýsingar

Kvennaathvarf

kvennaathvarf.is

561 1205 (opið allan sólarhringinn)

Athvarf fyrir konur og börn sem flýja að heiman vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns, maka eða annarra heimilismanna. Athvarfið er einnig fyrir konur sem hafa orðið fyrir nauðgun eða eru brotáþolar mansals.

Stígamót

stigamot.is

562 6868

Laugavegur 170

Ráðgjafarmiðstöð fyrir brotáþola kynferðisofbeldis og upplýsingamiðstöð um kynferðisofbeldi.

Bjarkarhlíð

553 3000

Við Bústaðarveg, við hlið Bústaðakirkju

Miðstöð fyrir brotáþola ofbeldis.

Kvennaráðgjöfin

kvennaradgjofin.is

551 1550

Túngötu 14

Ókeypis félags- og lögfræðiráðgjöf fyrir konur. Opið á fimmtudögum 14-16 og á þriðjudagskvöldum 20-22.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

humanrights.is

552 2720

Túngötu 14

Ókeypis lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur. Ef þörf er á túlki greiðir skrifstofan þann kostnað en óska þarf eftir þjónustu túlks um leið og viðtal er pantað. Ráðgjöfin er opin á þriðjudögum 14-19 og föstudögum 9-14.

للمزيد من المعلومات

عن ملجأ النساء

www.kvennaathvarf.is

5611205 (متاح 24 ساعة). ملجأ للنساء والأطفال الذين يتركون منازلهم نتيجة التعرض للاعتداء النفسي أو الجسدي على يد زوج أو شريك المساكنة أو أفراد آخرين من الأسرة. كما يستقبل الملجأ ضحايا الإتجار بالبشر من النساء اللاتي تعرضن للاغتصاب.

مركز التعليم والاستشارة للناجيات من الاعتداء الجنسي والعنف Stígamót

www.stigamot.is

5626868

170 شارع لاجوفيجر

مركز التعليم والاستشارات للناجين من العنف والاعتداء الجنسي ومركز المعلومات عن العنف الجنسي.

مركز خدمة الأسرة Bjarkarhlíð

5533000

أكواخ من كنيسة منطقة بوستاخير
مركز لضحايا العنف.

الاستشارات النسائية

www.kvennaradgjofin.is

5511500

14 تونجاتا

استشارات اجتماعية وقانونية مجانية للنساء. متاح في أيام الخميس من الساعة 14:00 حتى الساعة 16:00 ولبالغى الثلاثاء في الفترة من الساعة 20:00 حتى الساعة 22:00

المركز الأيسلندي لحقوق الإنسان

www.humanrights.is

5522720

14 تونجاتا

الاستشارات القانونية المجانية للمهاجرين. في حالة الحاجة لمترجم، يوفره المركز بالمجان، ويجب تقديم طلب لتوفير مترجم عند حجز الموعد. الاستشارات متاحة في أيام الثلاثاء من الساعة 14-19 والجمعة من الساعة 9-14.

Heimilisfríður

heimilisfridur.is

555 3020

Höfðabakka 9

Sérhæft meðferðaúrræði fyrir fólk sem beitir ofbeldi. Í boði er bæði einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum.

Aflið

www.aflidak.is

461 5959, 867 5959

Aðalstræti 14, Akureyri

Samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi

Útlendingastofnun

utl.is

444 0900

Dalvegi 18

Stofnun sem veitir upplýsingar um dvalarleyfi, skilyrði fyrir veitingu þeirra og ýmis önnur réttindi.

Fjölmenningarsetur

mcc.is

450 3090 (íslenska/enska), 470 4702 (taíleska), 470 4705 (spænska), 470 4706 (litháíska), 470 4707 (rússneska), 470 4708 (pólska), 470 4709 (serbneska/króatíska).

Árnagötu 2-4, Ísafirði

Fjölmenningarsetur veitir upplýsingar um flest allt sem varðar innflytjendamál, íslenskt samfélag, íslenskukennslu, réttindi og skyldur, túlka- og þýðingapjónustur og fleira.

Jafnréttisstofa

jafnretti.is

Stofnun sem veitir upplýsingar um jafnrétti kynja.

Stjórnarráðið

stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/

Hér er hægt er finna ýmsar upplýsingar um innflytjendur og innflytjendamál.

السلام الأسري

www.heimilisfridur.is

5553020

9 هوفداباكي

يوجد برامج علاج مخصصة للأشخاص الذين يلجئون للعنف الأسري. كما توفر جلسات علاج نفسي فردية وجماعية.

مركز التعليم والاستشارة للناجيات من الاعتداء الجنسي والعنف Aflið

www.aflidak.is

4615959, 8675959

14 أدلستراتي، أكويري

منظمة مناهضة للعنف الجنسي والأسري.

إدارة الهجرة

www.utl.is

4440900

18 دالفيجور

تقدم الإدارة معلومات عن أنواع واشتراطات تصاريح الإقامة وغيرها من الحقوق الأخرى.

مركز تعدد الثقافات والمعلومات

mcc.is

4503090 (الأيسلندية / الإنجليزية)، 4702470 (التايلاندية)، 4704705 (الاسبانية)،

4704706 (اللواتية)، 4704707 (الروسية)، 4704708 (البولندية)، 4704709 (الصربية)

/ الكرواتية)

2-4 أرناجاتا، أيسافجوردور

يقدم المركز معلومات عن معظم الأمور المتعلقة بالهجرة، والمجتمع الأيسلندي، والدروس في اللغة الأيسلندية، والحقوق والالتزامات، وخدمات الترجمة الشفوية والتحريرية والمزيد.

مركز المساواة بين الجنسين

www.jafnretti.is

يقدم المركز العديد من المعلومات عن المساواة بين الجنسين والتفرقة.

المكاتب الحكومية الأيسلندية

[/www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar](http://www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar)

تقدم معلومات مختلفة عن المهاجرين والقضايا المتعلقة بالهجرة.

Ríkisskattstjóri

rsk.is

442 1000

Ríkisskattstjóri veitir upplýsingar um skattamál, barnabætur, vaxta-
bætur, persónuafslátt og framtalseyðublöð á nokkrum tungumálum
(ensku, dönsku, finnsku, norsku, sænsku, frönsku, spænsku, þýsku,
pólsku og rússnesku).

Símar neyðarmóttöku í Fossvogi:

543 1000 – aðalskiptiborð Landspítala 543 2000 – afgreiðsla bráða-
deildar í Fossvogi • 543 2094 – Neyðarmóttakan á dagvinnutíma
(neydarmottaka@lsh.is) Áfallamiðstöð LSH.

Sími neyðarmóttöku á Akureyri: 463 0800

Einnig veita félagsþjónustur sveitarfélaganna ýmsa ráðgjöf og aðstoð.

Neyðarsími lögreglu er **112**

إدارة الإيرادات الداخلية

www.rsk.is

44421000

يقدم معلومات عن القضايا الضريبية، والإعانة المالية للأطفال، وإعانة السكن الخاص، والائتمان
الضريبي الشخصي وأشكال الضرائب في عدة لغات (الإنجليزية والدنماركية والفنلندية والنرويجية
والسويدية والفرنسية والإسبانية والألمانية والبولندية والروسية).

أرقام هواتف جناح طوارئ الاغتصاب في فوسفوجير:

5431000 - السويتش الرئيسي في المستشفى، 5432000 - استقبال جناح الطوارئ في
فوسفوجير، 5432094 - جناح الاغتصاب في حالات الطوارئ خلال ساعات العمل النهارية
(neydarmottaka@lsh.is) - مركز الأزمات في مستشفى لاندسبيتالين الجامعي.

هاتف جناح طوارئ الاغتصاب في أكويري: 4630800

كما تقدم الخدمات الاجتماعية في كل بلدية أشكال عديدة من الاستشارات والدعم.

رقم شرطة النجدة **112**

وفي كثير من الأحيان عندما تسعى النساء من أصل أجنبي ومقيمات في أيسلندا إلى الحصول على المساعدة، يتبين أن أزواجهن قد خدعوهن من أجل السيطرة عليهن واستغلالهن أو الإساءة إليهن. فيما يلي عدة أمثلة عن هذه الأساليب الخداعية التي اكتشفناها خلال المقابلات:

هل على النساء في أيسلندا طاعة أزواجهن طاعة عمياء؟
الإجابة: لا، هذا غير صحيح. النساء والرجال متساوون، ولا يحق لأحدهم السيطرة على الآخر.

هل ينبغي على المرأة أن تعطي أجرها بالكامل لزوجها؟
الإجابة: لا، هذا غير صحيح. أجرك ملك لك، ولكن عليك تخصيص جزء منه لنفقات الأسرة وذلك ينطبق عليك وعلى زوجك. الحصة الواجب تخصيصها لنفقات الأسرة تُحدد على حسب الأجر، والاستطاعة المادية وظروف كلا الشخصين.

هل صحيح أنه في حالة الطلاق، يحصل الأب على حضانة الأطفال؟
الإجابة: لا، هذا غير صحيح. القاعدة الرئيسية في حالات الطلاق هي الحضانة المشتركة وإذا كان هناك خلاف يستصدر حكم من المحكمة. تعتمد النتائج على وقائع كل حالة.

هل معتاد في أيسلندا أن تسير النساء عاريات أو بملابسهن الداخلية داخل المنزل؟ حتى عندما يأتي أصدقاء الزوج للزيارة؟
الإجابة: لا، هذا غير صحيح. ترتدي النساء ما شئن سواء داخل المنزل أو خارجه.

من المعتاد في أيسلندا أن تمارس النساء الجنس مع أصدقاء الزوج؟
الإجابة: لا، هذا غير صحيح. لك أنت الحق في التصرف في جسمك كيفما شئت، ولا يحق لزوجك التحكم في جسمك.

هل يحق للزوج ممارسة الجنس مع الزوجة وقتما أراد وأياً كانت الظروف؟
الإجابة: لا، هذا غير صحيح. ليس لأحد الحق في ممارسة الجنس معك إلا إذا أردتِ انتِ ذلك.

لقد أجبرني زوجي على ممارسة الدعارة، هل سأدخل السجن أو سأرحل من البلاد إذا أكتشف أمري؟

الإجابة: لا، القانون لا يعاقب المرأة نفسها على الدعارة، ولكن يعاقب من يدفع مقابل الدعارة أو ييسرها. لن تعاقبين أبداً ولكن زوجك ومن دفعوا له أموالاً مقابل ممارستك الدعارة سيعاقبون. لا تخافي من الترحيل عن البلاد لهذا السبب.